

Myndlist

ÁGÚST OG ANDLITIN ÞRJÚ

vel saman og fágun og léttleiki eru aðalsmerki myndanna.

Stórstjörnum plantað

Á stöku stað virðist Sigurþór í sömu slóðum og Magnús Kjartansson, en skýringin gæti verið áhugi beggja á klippimyndum bandarikjamannsins Robert Motherwell.

Í stærri verkum sínum, máluðum og ýmislega blönduðum, finnst mér Sigurþór hins vegar vera á villigötum og eru aftur á ferðinni þeir „komplexar" sem ég gat um hér á undan. Sigurþór hefur nefnilega gengið í smiðju hjá bandarískum stórstjörnum á myndlistarsviðinu og fengið ýmislegt að láni hjá þeim. En þar sem uppgötvanir þeirra grundvallast á persónulegri afstöðu, lífskoðun eða hugarfari, þá er erfitt að planta þeim annars staðar án stórra breytinga og þaðan af síður er hægt að blanda þeim saman hráum, nema þá að ætlunin sé að skopast að þeim. Þess vegna verður það ansi hlálegt að sjá hina þekktu „dýnamísku" litferninga Hans Hofmanns á bakgrunni sem Jasper Johns hefur ástundað, því hugsun þessara tveggja listamanna er gjörólík.

Í sókn

Einnig dettur allur botn úr tölustöfum Johns eins og Sigurþór beitir þeim, sýnilega án skilnings á hlutverki þeirra. Kannski hefur listamaðurinn eitthvað lært á þessu en hvað okkur áhorfendurna snertir þá eiga lærifeðurnir meira í myndunum en Sigurþór og því hefði hann e.t.v. átt að salta þær. Vaxkrítarmyndir hans og klippimyndirnar einar og sér hefðu hins vegar myndað nokkuð sterka heild. En Sigurþór Jakobsson er í sókn — það er enginn vafi á því.

Um þessar mundir sýnir Ágúst Petersen listmálari verk sín að Kjarvalsstöðum. Þar sem ég er höfundur að formála í sýningarskrá hans og aðstoðaði listamanninn í myndavali, er mér málið of skylt til þess að ég geti með góðri samvisku skrifað umsögn um sýninguna. En á henni eru tvær af þremur portrettmyndum af mér og langar mér að segja frá því hvernig þær urðu til. Það er óhætt að segja að Ágúst hafi nokkra sérstöðu meðal þeirra málara sem fást við andlitsmyndir hér um slóðir fyrir það að hann veigrar sér ekki við að afbaka og breyta ásjónum fyrirsátanna í þágu forms, lita og myndheildar og auk þess er að finna í andlitsmyndum hans græskulausa kímni. Íslendingar vilja hafa sín andlit heilleg, virðuleg og þekkjanleg og líta hornauga og dæma léttvæga listamenn sem ekki fara eftir þeim reglum í gerð andlitsmynda.

Útlit og kækir


Þannig fara forstjórar ekki á fund Ágústs og biðja um portrett fyrir sextugsafmælið. Ágúst velur sér sín andlit sjálfur. Það er erfitt fyrir hann að útskýra hvað það er sem ræður valinu. Trúlega liggja þar margar ástæður að baki. Stundum virðist hann leggja megináherslu á form og litarhaft andlist og leggur mikla vinnu í að finna þessum eiginleikum myndrænt jafnvægi á striga sínum. En í flestum tilfellum virðist Ágúst laðast að einhverju sem nefna mætti „karakter" í andliti sem er líklegast sambland af útliti og svipbrigðum — kækjum kannski — sem svo gefa hugmynd um innri mann. Ég veit satt að segja ekki hvers vegna mín ásjóna varð fyrir valinu. Nokkrum mánuðum fyrir sýningu sína hóf Ágúst að koma á fund minn, til að ræða um allt fyrirkomulag sýningarinnar. En þegar rætt hafði verið um öll formsatriði, hélt hann áfram að koma í heimsókn og þá varð ég var við grandskoðun hans á útliti mínu. Hún var ekki áberandi í fyrstu — Ágúst hvessti á mig augun á sinn sérstæða hátt og rýndi í augu mér.

Nákvæm skoðun

Næst skoðaði hann litarhaft mitt, ræddi um það hve frísklegur ég væri og spurði mig hvern ég teldi háralit minn vera. Fór mig þá að gruna að Ágúst væri að vinna frumrannsóknir fyrir portrettmynd af mér og fannst það talsverður heiður. Svo kom Ágúst oft og var þá tíðrætt um það hvaða litir færu mér best í klæðum — „blátt, djúúpblátt" sagði hann, dró seiminn og reri fram í gráðið. Ég tók einnig hann hringdi í mig og spurði mig hvort ég vildi ekki „gera sér þann heiður" að koma og sjá „dálítið" á vinnustofu sinni. Fannst mér líklegt að þar ætti Ágúst við portrettmyndina en ef einskærri stríðni spurði ég hvað hann ætlaði að sýna mér. Vildi hann ekki láta það uppi en iðaði auðheyranlega í skinninu. Er ég kom í heimsókn var þar ekki eina mynd að finna, heldur þrjár mjög ólíkar.

Óljóst riss

Ágúst stillti þeim upp og bað um álit mitt og naut þess greinilega að sjá viðbrögð mín. Meðan ég skoðaði myndirnar, fór hann hringferðir í kringum mig eins og köttur í kringum heitan graut og púaði pípustert. Sagði ég honum sem var að ég væri harla ánægður með útkomuna. Ein myndin er hrein andlitsmynd falleg í litum og hefur Ágúst þar lagt allt kapp í það að ná andlitslaginu og litarhafti. Önnur á að sýna mig sem „listgagnrýnanda". Þar er ég grimmilegur á svipinn og nokkuð austrænn í útliti og við gulan bakgrunn ber málverk. Þriðja myndin virðist í fyrstu vera formynd, óljóst riss á grábláum grunni, en þegar nánar er rýnt koma andlitsdrættir í ljós eins og út úr myrkri. Ég veit ekki hve stóran sess þessar myndir skipa í portrettmyndagerð Ágústs, en hvað mig snertir eru þær ávöxtur einkar ánægjulegrar reynslu.





eftir því, að það setti hann út af laginu einn daginn er ég hitti hann, klæddur í rautt. Þá hafa myndirnar líkast til verið komnar áleiðis og nýr litur sett strik í reikninginn. Svo kom að því að

Kjallarinn



Hrafn Sæmundsson

Ófaglærðir verkamenn þurfa að vinna óheyrilega aukavinnu til þess að fullnægja brýnustu frumþörfum sínum. Undanfarna áratugi hefur verkalýðshreyfingin háð einhliða krónutölupólitík fyrir þessa meðlimi sína. Þær fáu raunhæfu og varanlegu kjarabætur sem þetta fólk hefur fengið í gegnum samninga hafa verið tættar í sundur. Hér er fyrst og fremst átt við atvinnuleysistryggingarnar og þó sérstaklega lífeyrissjóðina.

Lífeyrissjóðir eru eins og nafnið bendir til hugsaðir til þess að launþegar geti haft viðurværi á ævikvöldi sínu. Þetta hlutverk hefur verið afvegaleitt og sjóðirnir hafa verið notaðir til þess að borga steinsteypu fyrir yngri meðlimi verkalýðshreyfingarinnar en stór hluti þeirra hefur gegnum árin runnið til verðbólgubraskara vegna negatífra vaxta bankakerfisins sem verkalýðshreyfingin hefur látið plata sig til að berjast fyrir. Þær litlu lífeyrisgreiðslur sem aldraðir meðlimir verkalýðshreyfingarinnar fá, hefjast ekki fyrr en þrem árum eftir að venjulegum starfsaldri lýkur. Það að reka fólk af vinnumarkaði 67 ára er siðlaust og það er eitt af því sem verkalýðshreyfingin hefur ekki látið sig miklu varða eða sýnt hörku til að koma í veg fyrir.

Það unga fólk sem fengið hefur peninga lífeyrissjóðanna til að koma sér upp þaki er þó ekki of vel statt. Í dag er það að verða fræðilega útilokað að ungt verkafólk geti fengið að búa í húsunum.

Fyrirkomulag íbúðabygginga á Íslandi er nú orðið einstætt í allri Vestur-Evrópu. Ef það á að takast að ungt verkafólk geti fengið húsnæði til að búa í þá verður það að ganga í gegnum linnulausan þrældóm árum saman og endalausa niðurlægingu í viðskiptum sínum við bankavaldið. Verkalýðshreyfingin telur ekki að það sé hlutverk hennar að beita pólitísku valdi sínu til þess að bygging íbúðarhúsnæðis komist í svipað horf og er til að mynda á Norðurlöndunum. Um þetta atriði þýðir ekki að deila. Staðreyndirnar tala og þær þekkja allir sem við þessi mál þurfa að glíma.

Þetta er annað atriðið sem ekki virðist koma verkalýðshreyfingunni við.

—*—

Og hvað er svo framundan fyrir allar þær þúsundir alþýðuungmenna sem nú eru að fara út í lífið. Hvað á þetta fólk að gera? Hvaða vinnustaðir taka við því? Hvað á það að læra?

Skólakerfi landsins er líklega sá hlutur sem aldrei hefur komið á dagskrá í neinni stofnun verkalýðshreyfingarinnar. Þó eru fræðslumál undirstaðan fyrir því að ungt verkafólk sem ekkert hefur á bak við sig annað en eigin verðleika geti fengið starf eða notið lífsfyllingar í framtíðinni. Skólakerfi okkar er slitið úr tengslum við þjóðfélagið. Þetta er ríkisleyndarmál sem verkalýðshreyfingin hefur engan áhuga á að upplýsa.

Það er alveg augljóst að á næstu árum koma þúsundir ungmenna út í atvinnuleysi. Atvinnulífið í núverandi mynd hefur enga möguleika á að taka við þessu fólki. Þetta er ein ægilegasta staðreynd sem brennur á launafólki á næstu árum. Verkalýðshreyfingin hefur ekki minnsta áhuga á þessu. Þetta er ekki inni í hennar krónutöluramma. Krónutalan á launaseðlunum blífur þó engin atvinna sé í boði.

Hér verður ekki í bili eytt meira rúmi til að rekja þessi mál. Það hefur verið gert í mörgum kjöllurum áður og það væri hægt að þræða aftur flest svið þjóðlífsins og komast að sömu niðurstöðu.

—*—

Verkalýðshreyfingin er einangrað vald sem býr yfir pólitískum möguleikum sem gætu breytt þjóðfélaginu á fáum árum í byggingarhæfan vettvang fyrir launafólk. En verkalýðshreyfingin eða forusta hennar hefur bara enga yfirsýn. Þessi veikleiki virðist enn einu sinni vera að koma í ljós við þær sérstæðu aðstæður sem nú eru í stjórnmálum.

Enn einu sinni hefur verkalýðshreyfingunni verið lagt upp í hendurnar baráttutæki sem hún getur notað. Þetta baráttutæki er núverandi ríkisstjórn landsins.

Þessa ríkisstjórn kaus verkalýðurinn í kosningunum í sumar. Eftir kosningarnar þegar allt stóð þversum í burðarliðnum þá bretti verkalýðshreyfingin upp ermarnar og tókst að snúa kálfinum við þannig, að fæðinguna bar nokkurn veginn rétt að.

Nú er hins vegar ýmislegt sem bendir til þess að verkalýðshreyfingin ætli að láta við þetta sitja. Allt virðist vera að komast í sama gamla krónutölufarið. Allir eru farnir að skjálfa. Ráðherrarnir eru byrjaðir að skjálfa. Forusta Verkamannasambandsins er byrjuð að skjálfa. Þrýstihópar þjóðfélagsins eru farnir að skjálfa sjálfa. Vísitalan sem er samnefnari fyrir krónutölupólitík verðbólguþjóðfélagsins er farin að skjálfa. Prinsippið er það eina sem ekki skelfur þessa dagana. Það haggast aldrei.

Vísitalan er það próf sem verkalýðshreyfingin verður nú að glíma við. Það er ýmislegt sem bendir til þess að hún falli á þessu prófi. Vísitalan er nefnilega valið milli áframhaldandi krónutölupólitíkur og heilbrigðrar skynsemi.

Ef verkalýðshreyfingin hefði nú pólitískt hugrekki til að skera vísitöluna úr verðbólgulíkamanum þá eru margar matarholur til að vega þar upp á móti. Til þess að opna þessar holur þarf hins vegar pólitískt hugrekki. Og möguleikarnir eru margir.

—*—

Í síðustu vinstri stjórn var haldin veisla í lokin. Þá voru matvæli lækkuð verulega. Þetta er nánast eina aðgerð þeirrar ríkisstjórnar sem allir fullorðnir íslendingar muna eftir. Þá daga var gott að lifa í landinu.

Núverandi vinstri ríkisstjórn byrjaði feril sinn á því sama og sú síðasta endaði sinn á. Enn ganga menn glaðir til veislunnar.

En eru ekki fleiri möguleikar á þessu sviði? Er ekki víðar hægt að bíta á vísitölu og verðbólgu og krónutöluhækkun? Margir telja það auðvelt. Til þess að slíkt geti gerst þarf að koma til frumkvæði verkalýðshreyfingarinnar. Til þess þarf verkalýðshreyfingin að vera reiðubúin til að taka nokkra áhættu og ganga í bardagann af fullri einurð.

Ef verkalýðshreyfingin vill ganga fram fyrir skjöldu og setja úrslitaskilyrði um það að öll viðskipti við útlönd verði miskunnarlaust tekin niður í kjölinn og innflutningsverslunin verði tekin úr höndum braskaranna mundi vöruverð strax lækka mjög mikið. Verkalýðshreyfingin á að setja þetta að skilyrði í vísitöluslagnum.

Annað gæti verkalýðshreyfingin gert sem líklega yrði ennþá áhrifaríkara. Hún gæti samið við ríkisvaldið um að undir hennar stjórn yrði settur upp risamarkaður sem byggður yrði á allt öðrum grunni en núverandi markaðir. Þetta risafyrirtæki ætti að versla með aðrar vörur og í miklu stærri einingum en núverandi markaðir gera. Í tengslum við þetta fyrirtæki ætti að skapa nýjar neysluvenjur og versla einnig við lönd utan okkar hefðbundnu viðskiptalanda. Innflutt matvæli og ýmsar iðnaðarvörur gætu í mörgum tilvikum lækkað um helming við þessa breyttu verslunarhætti.

Forsenda alls þessa er þó sú að verkalýðshreyfingin sé tilbúin til að bítta á slíkum verslunarháttum og vísitöluskrúfunni og einnig og ekki síður verði hún reiðubúin að taka upp baráttu á opinberum vettvangi við braskarana og auglýsingabáknið og fyrir nýjum og heilbrigðum neysluvenjum og leggja ótrauð út í glímuna við tískujöfrana og gerviþarfaiðnaðinn sem tröllríður alþýðuheiminum í dag.

Þetta og ótalmargt fleira gæti verkalýðshreyfingin gert við nú núverandi aðstæður ef hún skildi sinn vitjunartíma og losaði sig við þá pólitísku minnimáttarkennd sem þjakar hana núna.

Forsenda allra þessara möguleika sem fyrir hendi eru verður þó sú að hreinsað verði til í neðanjarðarhagkerfinu. Að sömu lög séu yfir skattsvikara og búðarþjófa. Að heiðarleiki og sparnaður verði ekki lengur refsivert athæfi og jafnvægi geti skapast í fjármálæum einstaklinga til að mynda með staðgreiðslu skatta nú þegar og allir verði jafnir fyrir lögunum.

Mörg þessara atriða snúa beint að stjórnvöldum og ríkisstjórnin á sjálf að taka sínar ákvarðanir en ekki láta stjórna sér utan úr bæ.

Hrafn Sæmundsson,
prentari.